



Kynning á niðurstöðum 1. ársfjórðungs 2026/27

Sterkur rekstur í byrjun árs þar sem
starfsemi allra rekstrareininga gengur vel



Finnur Oddsson, forstjóri

Guðrún Eva Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

1. júlí, 2026

Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Fjórðungur í hnotskurn: Lykiltölur

1F 2026/27 (breyting frá 1F 2025/26)

50,8 ma.kr.

vörusala

▲ 5,5%

5,1 ma.kr.

EBITDA

▲ 26,9%

1,9 ma.kr.

hagnaður

▲ 64,5%

26,2%

framlegðarhlutfall

▲ 2,0%stig

16,7%

launa- og kostnaðarhlutfall

▲ 0,3%stig

37,7%

eiginfjárhlutfall

▲ 0,6%stig

Rekstur: Þetta stendur upp úr á fjórðungnum

- **Rekstur á 1F gekk vel** og var umfram áætlanir - **afkoma styrktist frá fyrra ári**, m.a. vegna Olís og **áhrifa hækkaðs heimsmarkaðsverðs olíu** á fjórðungnum og **sterkari rekstrar verslana og vöruhúsa á Íslandi**
- **Starfsemi allra rekstrareininga gengur vel** - **fleiri viðskiptavinir og stykki seld** í verslunum á Íslandi og í Færeyjum, þrátt fyrir óvenju rólegan fjórðung m.v. fyrra ár og byrjun 2F
- **Innkaupasamstarf Haga og Salling Group** hefur skilað um 500 nýjum vörum í hillur verslana - **ávinningi af betri innkaupsverðum skilað til viðskiptavina í lægri verðum** m.v. samanburðarvörur
- **Ný rekstrareining í smásölumiðlun, Hagar miðlar, hóf starfsemi** og markar ákveðin tímamót í markaðssetningu hérlendis
- **Óvenjulegar aðstæður á olíumörkuðum** hafa veruleg áhrif á rekstur Olís - **tímabundið bætt afkoma af viðskiptum við stórnotendur** en afkoma dregst lítillega saman í smásölu
- Gera má ráð fyrir að **jákvæð áhrif á afkomu Olís á 1F muni að hluta ganga til baka** - óvissa um þróun og **afkomuspá fyrir rekstrarárið 2026/27 því ekki hækkuð að svo stöddu**



Starfspáttur #1: Öll áhersla á Salling en reksturinn sterkur á sama tíma

Verslanir og vöruhús (Ísland) - Rekstrarreikningur 1F 2026/27 (m.kr.)

- Tekjur af dagvöru, sérvöru og vöruhúsum námu **35,7 ma. kr.** og jukust um rúm 6% á milli ára
- EBITDA nam rúmum **3,1 ma. kr.**, eða 8,7% af tekjum, og **jókst um tæp 15%** frá fyrra ári - **afkoma starfspáttar styrkist um tæp 18% á milli ára**
- Umsvif aukast áfram - heimsóknum í dagvöruverslanir fjölgaði um 1,3% og seldum stykkjum um 2%
- Bónus óx hraðar en heildin á 1F **þrátt fyrir að** verslun á Selfossi hafi verið lokuð undir lok 1F vegna stækkunar
- Starfsemi Aðfanga og Banana gekk vel og í samræmi við rekstur verslana - Eldum rétt, Stórkaup og Zara skiluðu öll heldur sterkari rekstri en á fyrra ári
- Stórt verkefni á 1F við að koma fyrstu 350 vörunum frá Salling í hillur verslana Bónus og Hagkaups – viðskiptavinir taka nýju vöruvali mjög vel

| | 1F '26/27 | 1F '25/26 | Δ | %Δ |
|-----------------------------|--------------|--------------|--------------|---------------|
| Tekjur | 35.742 | 33.595 | 2.147 | +6,4% |
| Rekstrargjöld | -32.620 | -30.875 | -1.745 | +5,7% |
| EBITDA | 3.122 | 2.720 | 402 | +14,8% |
| <i>EBITDA-hlutfall</i> | <i>8,7%</i> | <i>8,1%</i> | <i>+0,6%</i> | <i>+7,9%</i> |
| Afkoma starfspáttar* | 2.024 | 1.717 | 307 | +17,9% |
| <i>Afkomu-hlutfall</i> | <i>5,7%</i> | <i>5,1%</i> | <i>+0,6%</i> | <i>+10,8%</i> |

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarfélaga

Helsta starfsemi í starfspætti (Verslanir og vöruhús – Ísland)



HAGKAUP



Bananar

STÓRKAUP |

ELDUM  RÉTT

ZARA

Bónus: Salling mun lækka verð og styrkja rekstur

- **Vörusala á 1F nam 25,7 ma. kr. og jókst um tæp 7% á milli ára - aukin umsvif og stöðug áhersla á hagkvæmni styrkja afkomu hlutfallslega meira á milli ára**
- **Góður gangur á 1F þar sem viðskiptavinum og seldum stykkjum fjölgar um 2,5%, þrátt fyrir aukið framboð af stærri og hagkvæmari einingum, tilbúnum réttum, o.s.frv.**
- **Fjölgun heimsóknna minni m.v. fyrra ár af nokkrum ástæðum, sérstaklega í maí - lokun á Bónus Selfossi, hitabylgja á fyrra ári, o.fl. - kröftugur vöxtur í júní m.v. 1F**
- **Umfangsmikið verkefni að koma Salling vörum í hillur en þær telja um 500 í dag og eru nú umtalsverður hluti matvörukörfu - ódýrari en sambærilegar vörur og nýtt vöruúrval m.a. í lífrænum (ØKO) og ofnæmisfríum (FRI) valkostum**
- **Áframhaldandi áhersla Bónus á skilvirkan rekstur og hagkvæm innkaup, en nú er um helmingur af vöruvali á lægra eða sama verði og fyrir 12 mánuðum - nýtt innkaupasamband mun styrkja þessa vegferð enn frekar**
- **Bónus á Selfossi endurhönnuð og stækkuð um ~350 m² á 1F - seldum stykkjum hefur fjölgað mikið eftir opnun um mánaðamótin maí/júní**



Hagkaup: Rekstrarumbætur skila árangri

- **Vörusala á 1F nam rúmum 6,7 ma. kr. og jókst um rúm 5% frá fyrra ári - afkoma styrkist umtalsvert meira á milli ára**
- **Góður árangur hefur náðst í að bæta tímanotkun og draga úr rýrnun, sem styrkir framlegð og rekstur**
- **Seld stykki stóðu í stað á milli ára en viðskiptavinum fækkaði lítillega - samanburður milli fjórðunga skekkur vegna tilfærsla viðburða og tilboðsdaga**
- **Fyrstu Salling vörurnar komu í hillur hjá Hagkaup á 1F, líkt og hjá Bónus - vörurnar breikka vöruval, styðja við lægra verð og styrkja sérstöðu Hagkaups með fjölgun vara í hæsta gæðaflokki með Princip vörulínunni**
- **Netverslun, samstarf við Wolt og veislupjónusta styrkja þjónustuframboð Hagkaups - veislupjónustu uppseld á öllum helstu dögum í kringum útskriftir**
- **Rekstur Hagkaups hefur tekið miklum breytingum á síðustu árum með skýrari áherslum í vöruflokkum, breyttu vöruvali, nýjum þjónustum og markvissum rekstrarumbótum - hefur skilað umtalsvert betri afkomu og skapar áfram spennandi vaxtartækifæri**



Starfspáttur #2: Afkoma styrkist v. óvenjulegra aðstæðna á olíumarkaði

Olís - Rekstrarreikningur 1F 2026/27 (m.kr.)

- Tekjur á 1F námu tæpum 11,6 ma. kr. og jukust um rúm 2% - fyrir utan selt magn hefur heimsmarkaðsverð og afnám olíugjalds um áramót einnig talsverð áhrif
- Seldum eldsneytislítrum fækkaði um 3,7% á 1F
- EBITDA nam 1.543 m.kr. (13,3%) og afkoma 1.133 m.kr. (9,8%) - afkomubati skýrist að mestu af mikilli og hraðri hækkun heimsmarkaðsverðs sem jók afkomu af sölu til stórnotenda
- Áhrif stórnotendasölu á afkomu eru tímabundin og ganga að einhverju leyti til baka þegar heimsmarkaðsverð lækkar
- Afkoma smásölu eldsneytis dróst heldur saman milli ára vegna lækkunar á framlegð og færri ekinna kílómetra
- Í lok 1F var kostnaðarverð hluta eldsneytisbirgða Olís hærra en líklegt söluverð og voru birgðir því færðar niður um 308 m.kr. á fyrsta fjórðungi
- Sala á þjónustu og öðrum vörum en eldsneyti, m.a. dagvöru, veitingum, og þvottastöðvum, styrkist áfram

| | 1F '26/27 | 1F '25/26 | Δ | %Δ |
|-----------------------------|--------------|-------------|--------------|----------------|
| Tekjur | 11.598 | 11.355 | 243 | +2,1% |
| Rekstrargjöld | -10.055 | -10.557 | 502 | -4,8% |
| EBITDA | 1.543 | 798 | 745 | +93,4% |
| <i>EBITDA-hlutfall</i> | <i>13,3%</i> | <i>7,0%</i> | <i>+6,3%</i> | <i>+89,3%</i> |
| Afkoma starfspáttar* | 1.133 | 547 | 586 | +107,1% |
| <i>Afkomu-hlutfall</i> | <i>9,8%</i> | <i>4,8%</i> | <i>+5,0%</i> | <i>+102,8%</i> |

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarfélaga

Helsta starfsemi í starfspætti (Olís)



Starfspáttur #3: Starfsemi gengur vel og áframhaldandi uppbygging

Verslanir og vöruhús (Færeyjar) - Rekstrarreikningur 1F 2026/27 (m.kr.)

- Tekjur á 1F námu rúmum 4 ma. kr. og jukust um rúm 7% frá fyrra ári - **EBITDA nam 471 m.kr.**, eða 11,6% af veltu
- **Rekstur félagsins gekk almennt vel** hjá öllum helstu einingum og **umsvif jukust áfram með fjölgun viðskiptavina**
- **Afkoma á 1F var lítillega undir fyrra ári**, einkum vegna **einskiptis tekjutaps og kostnaðarauka í kjölfar truflana á vöruflutningum** til Færeyja
- **Ný fasteign í Þórshöfn er á lokametrunum** og mun **hýsa nýjan sérvörulager, skrifstofu, bílapvottastöð og móttökustöð fyrir endurvinnanlegar drykkjarumbúðir** - ný þjónusta og mikilvæg viðbót við fasteignasafn SMS
- **3.000 m² verslunarkjarninn sem opnaður var í Rúnavík í nóvember hefur sýnt sterkan rekstur frá opnun** - staðfestir eftirspurn eftir slíkum kjarna

| | 1F '26/27 | 1F '25/26 | Δ | %Δ |
|-----------------------------|--------------|--------------|--------------|---------------|
| Tekjur | 4.066 | 3.790 | 276 | +7,3% |
| Rekstrargjöld | -3.595 | -3.262 | -333 | +10,2% |
| EBITDA | 471 | 528 | -57 | -10,8% |
| <i>EBITDA-hlutfall</i> | <i>11,6%</i> | <i>13,9%</i> | <i>-2,3%</i> | <i>-16,9%</i> |
| Afkoma starfspáttar* | 171 | 183 | -12 | -6,6% |
| <i>Afkomu-hlutfall</i> | <i>4,2%</i> | <i>4,8%</i> | <i>-0,6%</i> | <i>-12,9%</i> |

*Afkoma starfspáttar: afkoma eftir afskriftir, matsbreytingar og áhrif hlutdeildarféлага

Helsta starfsemi í starfspætti (Verslanir og vöruhús – Færeyjar)



SUSHI DAILY HORNID



Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Almennt: Valdar fréttir af starfsemi



Bónus á Selfossi stækkuð

- *Verslun Bónus á Selfossi var stækkuð um ~350 m² undir lok fjórðungs og búðin endurhönnuð*
- *Frábær breyting sem skilað hefur mikilli magnaukningu í sölu í júní eftir að endurbætt búð opnaði*



Fyrirhuguð uppbygging í Ölfus

- *Hagar hafa áform um uppbyggingu nýrrar starfsemi í Þorlákshöfn á næstu misserum*
- *Stefnt að opnun á ÓB stöð og Bónusverslun, þ.e. fyrstu matvöruverslun Haga á svæðinu*



Um 65 þús. meðlimir „Takk“

- *Vildarvinir Takk eru nú orðnir um 65 þúsund talsins síðan Takk fór í loftið í janúar*
- *Talsverður lærdómur varðandi hvers konar fríðindi henta best - öflug uppfærsla í ágúst*



Framkvæmdir við Á2 ganga vel

- *Framkvæmdir við Álfabakka 2 ganga vel - Eldum rétt og Ferskar kjötvörur flytja í sept.*
- *Skapar fjölda nýrra tækifæra fyrir Haga til að útvíkka framleiðslustarfsemi félagsins*

Salling: Sala á Salling vörum hefur farið frábærlega af stað

- **Samstarfið með Salling Group hefur farið mjög vel af stað** og vöruflæði frá Danmörku er komið í gott og stöðugt horf
- **Tæplega 500 vörur komnar í hillur Bónus og Hagkaups** og stefnt að því að **vörurnar verði orðnar fleiri en 1.000 fyrir árslok**
- **Síðustu vikur hafa farið í að fínstilla aðfangakeðjuna,** vöruframboð og hilluskipulag
- **Fyrstu viðbrögð viðskiptavina eru mjög jákvæð** og margar vörur seljast hraðar en ráð var fyrir gert - þrátt fyrir að markaðssetning sé í raun ekki hafin
- **Vörumerkin verða kynnt markvisst á næstu vikum,** en nú þegar geta viðskiptavinir fundið **vörur frá Salling í mikilvægum vöruflokkum**
- **Rekstrarleg áhrif samstarfsins munu koma betur fram á næstu mánuðum** eftir því sem seldum stykkjum fjölgar, úrval breiðkar og verðlækkunum er komið til viðskiptavina - fyrstu vikurnar lofa góðu



Hagar miðlar: Hagar miðlar komnir af stað og tekjur byrjaðar að berast

- **Hagar miðlar hafa tekið stór skref á síðustu vikum**, með virkri sölu, fyrstu tekjum og jákvæðum viðbrögðum frá birgjum
- **Vel sóttur kynningarfundur fyrir birgja og markaðsfólk staðfesti mikinn áhuga á miðlunum** og þeim auglýsingaflötum sem Hagar hafa yfir að ráða
- **Áframhaldandi uppbygging á innviðum** - fjölgun skjáa í verslunum og stöðlun á staðsetningum, skjátegundum og birtingarleiðum
- „Prufutímabil“ í sölu stendur fram yfir sumar, en **fyrstu herferðir hafa skilað góðum árangri og fyrstu tekjum einingarinnar**
- **Næstu skref felast í frekari uppbyggingu vöruframboðs, innviða og sölustarfs**, þar sem aukinn kraftur verður settur í sölu að loknu prufutímabili
- **Hagar miðlar (innviðir) nýtast einnig fyrir eigin skilaboð í verslunum** - jákvæð áhrif á upplifun viðskiptavina og sölu á völdum vörum



Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi

Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Sterkur rekstur þar sem hagnaður eykst um tæp 65% milli ára

Rekstrarreikningur 1F 2026/27 (m.kr.)

- **Vörusala á 1F** nam 50,8 ma. kr. og **jókst um 5,5%** milli ára - **góð aukning hjá öllum starfspáttum** en afnám olíugjalda dregur að öðru óbreyttu úr veltuaukningu hjá Olís
- **Framlegð í krónum** nam 13,3 ma. kr. og **jókst** um 14,3% - **framlegðarhlutfall** 26,2% og hækkar um 2,0%-stig milli ára
- **Aukin framlegð** að mestu vegna eðlis samninga við stórnotendur hjá Olís - gera má ráð fyrir að áhrifin séu **tímabundin að hluta** og **gangi til baka að einhverju leyti á 2F** með lækkandi heimsmarkaðsverði á olíu
- **Laun og annar rekstrarkostnaður hækka** í takti við kjarasamninga og almennar verðlagshækkanir
- **EBITDA** nam 5,1 ma. kr. og **jókst um 26,9%**
- **Hagnaður** nam 1,9 ma. kr. í samanburði við 1,2 ma. kr. á fyrra ári eða **64,5% aukning**

| | 1F '26/27 | 1F '25/26 | Δ | %Δ |
|------------------------------|---------------|---------------|--------------|---------------|
| Vörusala | 50.785 | 48.115 | 2.670 | +5,5% |
| Framlegð | 13.281 | 11.619 | 1.662 | +14,3% |
| Aðrar rekstrartekjur | 320 | 318 | 2 | +0,6% |
| Laun og launatengd gjöld | -5.776 | -5.327 | -449 | +8,4% |
| Annar rekstrarkostnaður | -2.689 | -2.564 | -125 | +4,9% |
| EBITDA | 5.136 | 4.046 | 1.090 | +26,9% |
| Afskriftir | -1.797 | -1.458 | -339 | +23,3% |
| Matsbreytingar | -67 | -173 | 106 | -61,3% |
| EBIT | 3.272 | 2.415 | 857 | +35,5% |
| Hrein fjármagnsgjöld | -920 | -959 | 39 | -4,1% |
| Áhrif hlutdeildarféлага | 56 | 32 | 24 | +75,0% |
| Hagnaður tímabilsins | 1.917 | 1.165 | 752 | +64,5% |
| Önnur heildarafkoma | 94 | 24 | 70 | +291,7% |
| Heildarafkoma samtals | 2.011 | 1.189 | 822 | +69,1% |


Framlegðarhlutfall eykst vegna tímabundinna áhrifa á olíumarkaði

Lykilmælikvarðar rekstrar (3M 2022/23 – 3M 2026/27)


- **Góð veltuaukning milli ára** drifin áfram af öllum starfspáttum - velta Olís næm fyrir **heimsmarkaðsverði** og **afnám olíugjalda** dregur úr veltuaukningu
- **Framlegðarhlutfall hækkar** um 2,0%-stig milli ára - að mestu vegna **áhrifa af skarpri hækkun heimsmarkaðsverðs olíu** á samninga við stórnotendur hjá Olís
- **Launahlutfall 11,4%** og **hækkar** úr 11,1% á fyrra ári - **kostnaðarhlutfall óbreytt** milli ára í 5,3%
- **EBITDA hlutfall 10,1%** í lok 1F í samanburði við 8,4% á fyrra ári
- **Hagnaðarhlutfall 3,8%** í samanburði við 2,4% á fyrra ári

Velta og framlegð

Velta (ma. kr.)




Framlegð (%)




Rekstrar-kostnaður

Launahlutfall (%)




Kostnaðarhlutfall (%)




Afkoma

EBITDA hlutfall (%)



Hagnaðarhlutfall (%)



Tímabundnar sveiflur í veltufjármunum lækka handbært fé

Sjóðstreymisyfirlit 3M 2026/27 (m.kr.)

- **Handbært fé frá rekstri** nam 635 m.kr. í lok 1F í samanburði við 5,4 ma. kr. á fyrra ári - neikvæður samanburður skýrist af tímabundnum breytingum á veltufjármunum
- **Fjárfestingarhreyfingar** voru 1,4 ma. kr. samanborið við 1,3 ma. kr. í fyrra
- **Fjárfestingar** einkum vegna Álfabakka 2 og stækkunar Bónusverslunar á Selfossi
- **Fjármögnunarhreyfingar** námu 71 m.kr. samanborið við 527 m.kr. í fyrra
- **Handbært fé lækkaði** um 803 m.kr. á 1F og nam 3,1 ma. kr. í samanburði við 5,9 ma. kr. í lok 1F í fyrra

| | 3M 2026/27 | 3M 2025/26 | Breyting |
|---------------------------------------|--------------|--------------|---------------|
| Hagnaður ársins | 1.917 | 1.165 | 752 |
| Rekstrarliðir án áhrifa á fjárstreymi | 3.232 | 2.868 | 364 |
| Veltufé frá rekstri | 5.149 | 4.033 | 1.116 |
| Rekstrartengdar eignir | -4.312 | -140 | -4.172 |
| Rekstrartengdar skuldir | 977 | 2.593 | -1.616 |
| Greiddir vextir og skattar | -1.179 | -1.085 | -94 |
| Handbært fé frá rekstri | 635 | 5.401 | 4.766 |
| Fjárfestingarhreyfingar | -1.366 | -1.291 | -75 |
| Fjármögnunarhreyfingar | -71 | -527 | 456 |
| Breyting á handbæru fé | -802 | 3.583 | -4.385 |
| Handbært fé í lok árs | 3.072 | 5.876 | -2.804 |

Veltufjármunir aukast vegna áhrifa af hækkandi olíuverði

Efnahagsreikningur 31. maí 2026 (m.kr.)

- **Fastafjármunir námu** 90,1 ma. kr. og stóðu nánast í stað frá árslokum 2025/26
- **Veltufjármunir námu** 28,4 ma. kr. og hækkuðu um 3,6 ma. kr. - **vörubirgðir hækka** um 2,8 ma. kr. vegna hækkunar eldsneytisbirgða
- **Eigið fé** nam 44,7 ma. kr. og átti félagið **eigin hluti** að nafnverði 17,8 millj. í lok 1F
- **Heildarskuldir** voru 73,8 ma. kr. og hækkuðu um 1,3 ma. kr. frá árslokum
- **Vaxtaberandi skammtímaskuldir** námu 9,5 ma. kr. - þar af 3,8 ma. kr. vegna **skulda í DKK tengt kaupunum á SMS**, sem unnið er að því endurfjármagna, auk 3,0 ma. kr. **skuldabréfaflokks sem er á gjalddaga á 3F**

| | 31.05. 2026 | 28.02. 2026 | %Δ | | 31.05. 2026 | 28.02. 2026 | %Δ |
|----------------------------|----------------|----------------|-------------|-------------------------|----------------|----------------|------------|
| Rekstrarfjármunir | 38.255 | 37.836 | +1% | Vaxtaberandi | 14.281 | 14.351 | -0% |
| Óefnislegar eignir | 16.137 | 16.167 | -0% | Leiguskuldir | 20.768 | 21.022 | -1% |
| Aðrir fastafjármunir | 35.730 | 36.378 | -2% | Skuldbindingar | 4.436 | 3.918 | +13% |
| Fastafjármunir | 90.122 | 90.381 | -0% | Langtímaskuldir | 39.485 | 39.291 | +0% |
| Vörubirgðir | 17.235 | 14.393 | +20% | Vaxtaberandi | 9.482 | 9.040 | +5% |
| Viðskiptakröfur | 8.114 | 6.597 | +23% | Leiguskuldir | 3.925 | 3.932 | -0% |
| Handbært fé | 3.072 | 3.875 | -21% | Viðskiptaskuldir | 20.910 | 20.204 | +3% |
| Veltufjármunir | 28.421 | 24.865 | +14% | Skammtímaskuldir | 34.317 | 33.176 | +3% |
| Samtals eignir | 118.543 | 115.246 | +3% | Samtals skuldir | 73.802 | 72.467 | +2% |
| Skuldir og eigið fé | 118.543 | 115.246 | +3% | Eigið fé | 44.741 | 42.779 | +5% |


Hærri veltufjármunir hafa áhrif á veltuhraða í rekstri

Lykilmælikvarðar efnahags (3M 2022/23 – 3M 2026/27)


- **Arðsemi eigin fjár 20,5%** síðastliðna 12 mánuði og lækkar frá fyrra ári - m.a. vegna einskiptistekna á samanburðar-tímabili
- **Eiginfjárhlutfall** í lok 1F nam 37,7% - **markmið stjórnar** er um 35,0%
- **Nettó vaxtaberandi skuldir** í lok 1F, að meðtöldum leiguskuldum, voru 45,4 ma. kr. eða 2,4 x 12 mánaða EBITDA
- **Veltufjárhlutfall** í lok 1F var 0,83 samanborið við 0,85 á fyrra ári
- **Veltuhraði í rekstri** var 14,1 dagur samanborið við 8,6 daga á fyrra ári - **neikvæðar breytingar veltufjármuna** á 1F í samanburði við jákvæðar í fyrra
- **Veltuhraði eigna** var 1,8 samanborið við 1,9 á fyrra ári

Ávöxtun hluthafa

Arðsemi eigin fjár (%)




Eiginfjárhlutfall (%)




Áhætta í rekstri

Skuldahlutfall¹




Veltufjárhlutfall²




Skilvirkni eigna

Veltuhraði í rekstri (dagafjöldi)³



Veltuhraði eigna⁴



1) Nettó vaxtaberandi skuldir (með leiguskuldum) / 12 mánaða EBITDA 2) Veltufjármunir / skammtímaskuldir
3) Veltuhraði í rekstri = dagafjöldi birgða + dagafjöldi viðskiptakrafna - dagafjöldi viðskiptaskulda 4) Vörusala / eignir

Yfirlit

Rekstraryfirlit

Fréttir af starfsemi


Fjárhagsuppgjör

Staða og horfur



Gengi og stærstu hluthafar

Gengi




Stærstu hluthafar, eignarhlutur við lok 31.05.2026

| | | | |
|--|-------|-------------------------------------|------|
| 1. Gildi - lífeyrissjóður | 16,3% | 6. Birta lífeyrissjóður | 6,5% |
| 2. Lífeyrissjóður verslunarmanna | 12,2% | 7. Festa - lífeyrissjóður | 4,2% |
| 3. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild | 11,2% | 8. Stapi lífeyrissjóður | 2,7% |
| 4. Brú lífeyrissjóður starfsm. sveitarfélaga | 8,2% | 9. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 2,4% |
| 5. Kaldbakur ehf. | 8,1% | 10. Almenni-Lífsverk lífeyrissjóður | 2,4% |

Hagnaður á hlut styrkist áfram

Uppsafnaður grunnhagnaður á hlut seinustu 12 mánuði (kr. á hlut)

- **Hagnaður á hlut hefur aukist hratt** að undanfögnu og er nú **7,46 kr. - hagnaður á 1F litast af jákvæðum áhrifum frá samningum við stórnotendur hjá Olís** vegna skarprar hækkunar á heimsmarkaðsverði
- **Án áhrifa einskiptis gangvirðisbreytinga í Færeyjum** eftir kaup **eykst hagnaður á hlut um tæp 28%** frá sama tíma í fyrra
- **Bætt afkoma** síðustu missera byggir sem fyrr á **almennum rekstrarbata, stefnumarkandi ákvörðunum, nýjum einingum og auknum umsvifum**



* Einskiptisáhrif vegna viðskipta með Klasa á 2F 22/23 og gangvirðisbreytinga í Færeyjum eftir viðskiptin með SMS á 4F 2024/25

** Með einskiptisáhrifum vegna SMS

Staða og horfur





- **Rekstur er áfram sterkur, helstu rekstrareiningar vaxa umfram markað, og horfur eru almennt góðar** - þó ytri aðstæður séu áfram krefjandi...

... ögrandi efnahagsaðstæður innanlands, m.a. verðbólga, vaxtastig og óvissa um framvindu kjarasamninga í haust

... órói í Mið-Austurlöndum heldur áfram að skapa óvissu á olíumörkuðum, þó heimsmarkaðsverð hafi farið lækkandi

- **Lækkun olíuverðs setur pressu á framlegð eftir hækkunarfasa á 1F, en búið er að færa niður birgðir um 308 m.kr.** - áhersla verður lögð á agaða birgðastýringu
- **Innkaupasamstarf við Salling hefur farið mjög vel af stað** - vörur komnar í hillur, viðbrögð viðskiptavina eru jákvæð og samstarf styrkir verð, úrval og gæði vöruframboðs
- **Áfram tækifæri í rekstrarlegum umbótum** - meðal annars í aðfangakeðju, vöruframboði, nýtingu innviða og almennt aukinni skilvirkni
- **Nýjar tekjuleiðir og viðskiptapróun farnar að skila sér** - Hagar miðlar og önnur þróunarverkefni styðja við framtíðarvöxt
- **Sterkur fjárhagur, gott sjóðstreymi og trygg fjármögnun** - skapar svigrúm til að sækja ný arðbær verkefni og skila til baka til hluthafa, t.d. með arði og endurkaupum
- **EBITDA spá stjórnenda óbreytt** að svo stöddu - **18.800 - 19.300 m.kr.**





Starfsemi Haga á Íslandi

BÓNUS

Bónus er keðja lágvöruverðsverslana sem frá stofnun hefur boðið viðskiptavinum sínum lægsta mögulega matvöruverð á Íslandi. Verslanir eru 33 talsins en vöruúrval spannar allar helstu meginþarfir heimilishaldsins.

HAGKAUP

Hagkaup er leiðandi smásöluþyrftir sem leggur áherslu á framúrskarandi þjónustu og fjölbreytt vöruúrval. Verslanir eru 7 talsins, auk netverslunar, en helstu vöruflokkar eru matvara, snyrtivörur og leikföng.

olís

Olís sérhæfir sig í sölu og þjónustu með eldsneyti og aðrar olíuvörur, auk skyndibita, ýmissa nauðsynjavara fyrir bílaeigendur ásamt fjölbættri þjónustu við t.d. sjávarútvegs-, verktaka og flutningafyrirtæki um land allt.

ELDUM RÉTT

Eldum rétt býður viðskiptavinum sínum matarpakka, í gegnum netverslun og verslanir Hagkaups og Bónus, með uppskriftum og hráefni í réttu magni til að elda hollar og bragðgóðar máltíðir, með sem minnstri fyrirhöfn.

AÐFÖNG

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði en starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís og Stórkaup.

Bananar

Bananar er stærsti innflutnings- og dreifingaraðili á fersku grænmeti, ávöxtum og berjum á Íslandi og jafnframt eitt stærsta innflutningsfyrirtæki landsins. Bananar eru einnig stærsti kaupandi og dreifingaraðili á innlendra grænmetis- og berjaræktun.

STÓRKAUP |

Stórkaup er heildverslun sem þjónar stórnotendum með aðföng á breiðum grunni þar sem leiðarljós í rekstri eru hagkvæmni, nútímalegt þjónustustig og einfalt skipulag sölu og dreifingar. Helstu vöruflokkar eru rekstrarvörur, heilbrigðisvörur og matvörur.

ZARA

Zara er ein stærsta tískuverslunarkeðja í heimi og selur fatnað fyrir fullorðna jafnt sem börn á góðu verði. Haga reka glæsilega verslun Zara í Smáralind.




HLUTDEILDARFÉLÖG INNAN SAMSTÆÐU



LEMON

DÆMI UM VÖRUMERKI INNAN SAMSTÆÐU



FERSKAR KJÖTVÖRUR



Starfsemi Haga í Færeyjum



Bónus er keðja lágvöruverðsverslana, þar sem þrjár verslanir eru í Þórshöfn og fimm verslanir dreifðar um önnur bæjarfélög. Bónus býður viðskiptavinum lægsta mögulega matvöruverð í Færeyjum.



MIKLAGARÐUR

Miklagarður er stórverslun í Þórshöfn sem selur matvöru og ýmsa sérvöru, t.d. leikföng og blóm. Miklagarður rekur einnig kjötvinnslu fyrir SMS samstæðuna.



Í Þórshöfn eru reknar fjórar smærri matvöruverslanir og bakarí undir nafninu Mylnan, en félagið rekur einnig brauð- og kökugerð fyrir samstæðuna.



SUSHI DAILY HORNID

SMS rekur fjóra veitingastaði í stærstu verslunarmiðstöð Færeyja, þ.e. Burger King, Sunset Boulevard, Sushi Daily og Hornið. Auk þess rekur SMS tvo steikarstaði undir nafninu Angus Steakhouse í Þórshöfn og Klaksvík og Sunset Boulevard stað í Runavík.



Rumbul og Sheep eru fjórar smávöruverslanir í Þórshöfn og Klaksvík, en verslanirnar selja ýmsa dagvöru á hagstæðu verði.

Eignarhald: 60%



Fasteignir

Fjölbreytt fasteignasafn sem telur ~14,000 m² sem er að miklu leyti nýtt undir eigin starfsemi en að hluta leigt til þriðja aðila. Auk þess rekur félagið verslunarmiðstöðina SMS.



Burn er líkamsræktarstöð sem er staðsett á þremur mismunandi stöðum í Þórshöfn. Burn býður upp á mánaðarlega áskrift sem og einkaþjálfun.

*Eignarhald: 50%
Hlutdeildarfélag*



Omaná er ís- og eftirréttargerð sem framleiðir fyrir samstæðuna. Omaná rekur einnig ústölustað í SMS verslunarmiðstöðinni í Þórshöfn.

*Eignarhald: 50%
Hlutdeildarfélag*



Fyrirvari

Af hálfu Haga skal vakin athygli á því að staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari byggja eftir atvikum á áætlunum og mati stjórnenda félagsins, en ekki á staðreyndum sem unnt er að sannreyna við birtingu kynningarinnar eða umfjöllun af hálfu félagsins um hana. Af þeim sökum fela umræddar staðhæfingar og upplýsingar í sér óvissu.

Þá skal athygli fjárfesta vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi og afkoma félagsins verði með öðrum hætti en gert er ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð, uppfærð eða breytt að þessu leyti af hálfu félagsins eftir birtingu hennar.

Staðhæfingar og upplýsingar í kynningu þessari gilda eingöngu á því tímamarki þegar hún er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

hagar

The logo for 'hagar' features the word in a bold, lowercase, sans-serif font. It is enclosed within a stylized, horizontal oval shape composed of two thick, curved lines. The top-left and bottom-left portions of these lines are grey, while the top-right and bottom-right portions are orange. The lines are slightly offset from each other, creating a sense of motion or a dynamic frame around the text.